— Bækur

Framhald af bls. 34.

Mary Stewart. Áður hefur komið út á íslensku skáldsagan **Í skjóli nætur** eftir sama höfund.

Iðunn hefur á undanförnum árum lagt áherlsu á útgáfu barna- og unglingabóka. Í ár hefst útgáfa á teiknimyndasögum. Fyrsta bók í flokki er um **Sval og félaga** og nefnist **Hrakfallaferð til Feluborgar.** Höfundurinn, Franquin, hefur þegar hlotið heimsfrægð fyrir teiknimyndasögur sínar.

Hin fjögur fræknu og kappaksturinn mikli og **Hin fjögur fræknu og vofan** eftir Francois-Georges eru fyrstu teiknimyndasögurnar í flokki um krakka sem láta sér ekki allt fyrir brjósti brenna.

Galdramaðurinn eftir Ursula Le Guin kemur nú út í íslenskri þýðingu Guðrúnar Bachmann og Peter Cahill.

Stríðsvetur er unglingabók eftir hollenskan höfund, Jan Terlouw. Hún gerist í síðari heimsstyrjöldinni þegar Holland er hersetið af Þjóðverjum. Úlfur Hjörvar íslenskaði bókina sem hlaut verðlaun sem besta barnabók í Hollandi 1973.

Græna blómið er bók í máli og myndum eftir Róbert Guillemette, franskan myndlistarmann, sem hefur verið búsettur hér á landi undanfarin ár. Bókin er við hæfi barna og fullorðinna. Magnús Rafnsson og Arnlín Óladóttir sneru bókinni á íslensku.

Lærið að tefla er nýútkomin kennslubók í skák fyrir börn. Bókin er í stóru broti og prýdd fjölda litmynda. Hún er prentuð og bundin á Kararíeyjum.

Tvær bækur um Barbapapa eru nýlega komnar út. Þær nefnast **Barbapapabókin 1977** og **Skólinn hans Barbapapa.** Bækurnar um Barbapapa eru gefnar út í nálega tuttugu löndum. Sjónvarpsmyndir hafa verið gerðar um Barbapapa og fjölskyldu hans.

Albin og furðuhjólið og **Albin og undraregnhlífin** eru nýjar bækur yfir yngstu lesendurna eftir sænska höfundinn Ulf Löfgren.

Þá koma út fjórar nýjar bækur um **Tuma og Emmu** eftir Gunilla Wolde.

Af bókum útgefnum fyrri hluta árs má nefna: **Uml,** greinar um dægurmál eftir Þorgeir Þorgeirsson. **Veðurfar á Íslandi** eftir Markús Á. Einarsson. **Heilbrigð skynsemi í skák** eftir Emanuel Lasker í þýðingu Magnúsar G. Jónssonar. **Þættir úr rekstrarhagfræði** eftir Gylfa Þ. Gíslason. **Drög að almennri og íslenskri hljóðfræði** eftir dr. Magnús Pétursson. **Móðurmál,** leiðarvísir handa kennurum og kennaranemum, eftir Baldur Ragnarsson.

Endurprentanir áður útgefinna bóka eru m.a.: **Jón Oddur og Jón Bjarni** eftir Guðrúnu Helgadóttur, **Í afahúsi** eftir sama höfund, **Vísanbókin** í útgáfu Símons Jóh. Ágústssonar, **Bíllinn** eftir Guðna Karlsson, sjö bækur eftir Alistair Maclean, **Punktur, punktur, komma, strik** eftir Pétur Gunnarsson, **Galdra-Loftur** eftir Jóhann Sigurjónsson í útgáfu Njarðar P. Njarðvík, **Hrafnkellssaga** í útgáfu Óskars Halldórssonar, **Mál og málnotkun** eftir Baldur Ragnarsson, **Merkingarfræði** eftir Árna Böðvarsson og **Sálarfræði** eftir Símon Jóh. Ágústsson.

Á síðasta ári gaf Iðunn út sína fyrstu hljómplötu með vísum úr Vísnabókinni. Í ár gefur Iðunn út tvær hljómplötur. Önnur þeirra er með vísum úr Vísnabókinni og nefnist **Út um græna grundu.** Hin nefnist **Á bleikum náttkjólum** og hefur að geyma ljóð og lög Megasar, flutt með aðstoð Spilverks þjóðanna sem annast útsetningar.

— Aðallega

Framhald af bls. 37

að því hvernig hugmyndir hans verði til:

— Það er eiginlega með ýmsu móti, stundum teikna ég á blað og stundum geri ég módel af hugmyndinni í létt efni, t.d. plast og stundum í tré. Þessi vinnubrögð verða til að miklu leyti hjá hverjum og einum held ég, tæknina lærir maður í skólanum, en síðan velur hver úr sína aðferð. Ég vinn líka oft fleiri en eina mynd út úr sömu hygmyndinni, það er svona eins og að yrkja mörg vers út frá sama yrkisefninu, en ég hef mjög gaman að fást við þannig myndir.

Sem fyrr segir á Guðmundur Benediktsson 10 verk á haustsýningu Félags íslenzkra myndlistarmanna á Kjarvalsstöðum og lýkur þeirri sýningu á sunnudagskvöld.

— Handbragð

Framhald af bls. 38

kynnti mönnum úrsmíðar, og öll þau verkfæri og úr sem í básnum voru. Sagði Hjörtur það af sem áður hefði verið, nú væru heil úr eða hlutir í þau vart smíðuð, ef eitthvað færi úrskeiðis í úrunum, heldur ný úr og nýjar klukkur keyptar.

Í kynningarriti Arbæjarsafnsins segir svo um úrsmíði:

Þegar í fornöld voru menn farnir að mæla tímann eftir gangi sólar. Á miðöldum hófst smíði hjólúrs, en frá því hafa þróast þær gerðir úra sem við þekkjum. Í fyrstu var eingöngu um stórar klukkur að ræða, var úrverkið knúið áfram með lóðum og erfitt að flytja. Úrfjöðrin var fundin upp við lok miðalda og var þá unnt að flytja klukkurnar til án þess að úrverkið stöðvaðist við það. Leiddi uppfinning úrfjarðarinnar til smíði vasaúrs í byrjun 16 aldar.

Enda þótt úrsmíði sé aldagömul iðn, munu íslendingar ekki hafa lært hana fyrr en eftir miðja síðustu öld. Úr og klukkur bárust seint til landsins og voru þau send til Danmerkur, ef viðgerðar var þörf.

Eyjólfur Þorkelsson var fyrsti íslendingurinn sem lauk námi í úrsmíði. Starfaði hann í Reykjavík og smíðaði bæði klukkur og úr. Árið 1881 kom Magnús Benjamínsson heim frá námi í Danmörku og setti á stofn vinnustofu og verslun og starfaði fyrirtækið til ársloka 1976. Smíðaði Magnús bæði úr og klukkur og þótti snillingur á sínu sviði.

Á síðari tímum hefur verið æ fátíðara að úrsmiðir smíði úr og klukkur sjálfir heldur hafa þeir nær eingöngu unnið við viðgerðir. Fram á okkar daga hefur þetta hins vegar breyst með tilkomu rafhlöðuúra.

— Veröld

Framhald af bls. 43

hefur hún sett upp nokkrar bækistöðvar á helztu spilavítaleiðunum og gistir þar á ferðum sínum. Er þar alls staðar höfðinglegt heim að líta. Í Teheran á hún höll, í París íbúð, sem kostaði 500 þús. sterlingspund (165 millj.kr.) og hún keypti óséna, í London gríðarstórt einbýlishús, annað ekki síðra í Juan Les Pins, og loks hefur hún hótelíbúð í New York á leigu allan ársins hring. Er það ærinn starfi að flengjast milli þessara viðkomustaða, enda sér prinsessan næsta lítið af fjölskyldu sinni, eiginmanni og þremur börnum.

Hún hefur þó gefið sér tíma til þess á undanförnum árum að vinna að framgangi kvennréttindamála, svo og útbreiðslu lestrar- og skriftarkunnáttu í Íran. Þrír fjórði hlutar Írana eru ólæsir og óskrifandi, svo að ekki mun af liði prinsessunar veita.

Aftur á móti lætur hún sér ekki jafn annt um mannréttindamálin. Um þau sagði hún aðspurð í viðtali fyrir stuttu: „Ég las það einhvers staðar, að fangar í Íran væru brenndir lifandi ... eða hvað þið nú kallið það ... „Kom þá hirðmaður til hjálpar og sagði „grillaðir, yðar hátign?" Allir fóru að hlæja og prinsessan bætti við: „Einmitt — grillaðir". En þið megið trúa því, að þetta er alger fjarstæða. Hví skyldum við grilla menn? Þess er engin þörf; við höfum miklu mannúðlegri ráð til þess að fá sannleikann upp úr fólki. Lyfjagjafir til dæmis. Við Íranir erum siðmenntuð þjóð ..."


— ROSS BENSON

Fræðslufundir um kjarasamninga V.R.

Nýir þættir kjarasamninga V.R.

Félagsfundur verður haldinn miðvikudaginn 26. október 1977, kl. 20.30 að Hagamel 4


Framsögumaður Magnús L. Sveinsson



Verið virk í V.R.

VR 1891

við erum HLEKKUR



Í ALÞJÓÐLEGRI KEÐJU

iR InterRent car rental

Sem einn hlekkur í stærstu bílaleigukeðju Evrópu er okkur unnt að veita mun betri þjónustu en áður

Þegar þú ferðast til útlanda, þá er aðeins að hafa samband við okkur, áður en þú ferð og við munum sjá um að bíll frá InterRent bíði eftir þér á hvaða flugvelli sem er, eða annars staðar, ef þú óskar þess

OKKAR BÍLL ER ÞINN BÍLL HVAR SEM ER OG HVENÆR SEM ER

Þetta er þjónustutakmark okkar

Að sjálfsögðu veitum við allar upplýsingar þú þarft aðeins að hringja eða koma

GEYSIR

BORGARTÚNI 24 — SÍMAR 24460 & 28810